



Keflavík íþróttafélag

546. stjórnarfundur 27. ágúst 2020 kl. 18:00

Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir og Björg Hafsteinsdóttir. Birgir Már Bragason og Sveinbjörg Sigurðardóttir voru fjarverandi.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá UMFÍ „*Ungt fólk og lýðræði*“

Tölvupóstur frá Halldóri í Henson, varðandi sölu á ungbarnasamfellum og verðlaunapeningaplatta með lógói félagsins.

Tölvupóstur frá fimleikadeild með ósk um fjárhagsaðstoð. Ákveðið var að styrkja fimleikadeildina um 1 milljón og lána henni 2,5 milljónir. Framkvæmdastjóra falið að gera samning við fimleikadeildina vegna lánsins.

3. Send bréf

Ýmis tölvupóstar áframsendur á deildir félagsins.

Tölvupóstur sendur á Hafþór Barða Birgisson íþróttafélag og tómskundafulltrúa Reykjanesbæjar með upplýsingum um hvað sé í boði hjá deildum félagsins í vetur.

4. Verkefnið Allir með (Reykjanesbær)

Samningur liggur fyrir og undirritun á samningi „*Allir með*“ verður fimmtudaginn 3. september kl. 10:00. Markmið samningsins er að auka þátttöku barna með annað móðurmál en íslensku í íþróttum.

5. Fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar

Aðalstjórn sendi tillögur deilda ásamt punktum frá aðalstjórn á Hafþór Barða Birgisson íþróttafélag og tómskundafulltrúa Reykjanesbæjar.

6. Heimasíða Keflavíkur

Aðalstjórn ákvað að gera samning við Júlíus Guðmundsson hjá Dacoda um gerð á nýrri heimasíðu. Kostnaðurinn er tæpar tvær milljónir króna.

7. Úthlutun á neyðarstyrk Reykjanesbæjar til deilda

Aðalstjórn tók ákvörðun um úthlutun til deilda. Framkvæmdastjóra falið að greiða styrkinn út.

8. Önnur mál

- A.** Aðalstjórn fór í skoðunarferð um Hringbraut 108. Skoðaður var kjallari hússins sem knattspyrnudeild hefur hreinsað vel. Rætt var hverju mætti henda og hvað þyrfti að varðveita.
- B.** Rafiþróttir ræddar.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 10. september 2020

Fundi slitið kl. 19:30

Fundinn ritaði Eva Björk